

LEIÐBEININGAR VIÐ REGLUR UM
HÓPUNDANÞÁGUR FRÁ BANNÁKVÆÐUM 10. OG 12. GR
SAMKEPPNISLAGA

INNGANGUR:

Samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga eru allir samningar fyrirtækja og allt samstarf fyrirtækja sem hefur að markmiði eða hefur þau áhrif að samkeppni takmarkast eða komið er í veg fyrir samkeppni bannað. Á sama hátt segir í 12 gr. laganna að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögunum. Í 16. gr. samkeppnislaga er kveðið á um að unnt sé að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. laganna. Í 4. mgr. 16. gr. segir að samkeppnisráð setji reglur þar sem tilteknum flokkum (tegundum) samninga er veitt undanþága frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna. Undanþágur þessar ganga undir heitinu hópundanþágur.

Samkeppnisráð hefur gefið út reglur um hópundanþágur fyrir fjóra flokka samninga; flokka samninga um rannsóknir og þróun, flokka samninga um sérhæfingu, flokka samninga um tæknilega yfirfærslu og flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða. Reglurnar vísa í efnisákvæði íslenska texta reglugerða framkvæmdastjórnar EB um sömu fjóra flokka samninga, þ.e. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000 frá 20. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 240/96 frá 31. janúar 1996 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu og reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða. Verður því að lesa texta reglugerða framkvæmdastjórnarinnar jafnhliða reglum samkeppnisráðs þegar reglunum er beitt.

Birtar hafa verið leiðbeiningar við hverjar einstakar reglur um hópundanþágu sem samkeppnisráð hefur gefið út og fara þær hér á eftir.

HÓPUNDANÞÁGA FYRIR FLOKKA SAMNINGA UM SÉRHÆFINGU (NR. 259/2002):

Reglur um hópundanþágu fyrir flokka samninga um sérhæfingu lúta að samningum um sérhæfingu í framleiðslu á vörum eða sérhæfingu um ákveðna þjónustustarfsemi á milli raunverulegra eða hugsanlegra keppinauta. Samningar sem hópundanþágan nær til geta falið í sér þrjá flokka sérhæfingar; sk. einhliða sérhæfingu, gagnkvæma sérhæfingu og sameiginlega sérhæfingu. Þessir flokkar sérhæfingar eru undanþegnir bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga.

TILGANGUR:

Þeir samningar um sérhæfingu sem njóta hópundanþágu eru taldir leiða til bættrar framleiðslu eða dreifingu á vörum. Gert er ráð fyrir að þeir keppinautar sem standa að slíkum samningum geti á grundvelli þeirra einbeitt sér að framleiðslu á tilteknum vörum og með þeirri hagræðingu sem af því hlýst selt framleiðslu sína á lægra verði en ella.

EFNI:

Einhliða sérhæfing felur í sér samning milli keppinauta þar sem einn samningsaðila skuldbindur sig til að framleiða ekki tilteknar vörur eða sinna ekki ákveðinni þjónustustarfsemi en samþykkir þess í stað að kaupa viðkomandi af öðrum samningsaðilum. Í slíkum samningum sem njóta hópundanþágu er grundvallarforsenda að um samning fyrirtækja í samkeppni sé að ræða svo og skuldbindingu samningsaðila til að kaupa og selja. Samningur milli fyrirtækja um einhliða sérhæfingu sem ekki eru keppinautar mundi líklega falla undir reglugerð sem veitir flokkum lóðréttra samninga hópundanþágu uppfylli samningurinn skilyrði hennar.

Í samningum um gagnkvæma sérhæfingu samþykkja tvö eða fleiri fyrirtæki að sérhver samningsaðili hætti framleiðslu ákveðinna vara eða ákveðinni þjónustustarfsemi og fela hana öðrum samningsaðilum sem sérhæfa sig í framleiðslu á viðkomandi vörum eða þjónustustarfsemi. M.ö.o. samþykkja aðilar samningsins að framleiða ekki tilteknar vörur eða inna ekki tiltekna þjónustu af hendi heldur kaupa vörurnar eða þjónustuna eingöngu af keppinautum sem eru aðilar samningsins sem hafa samþykkt að selja það sem þeir hafa sérhæft sig í. Um getur verið að ræða fullunnar vörur sem eru tilbúnar til dreifingar og sölu eða vörur sem aðilar nota til að framleiða fullunnar vörur. Eins og í einhliða sérhæfingarsamningum er skuldbinding samningsaðila til að selja öðrum samningsaðilum og kaupa af þeim forsenda undanþágu. Loks getur verið um samning um sameiginlega framleiðslu að ræða þ.e. þegar tveir eða fleiri samningsaðilar semja um að framleiða sameiginlega tilteknar vörur eða veita tiltekna þjónustu sameiginlega.

MARKAÐSHLUTDEILD:

Til að fyrirtæki njóti undanþágunnar sem hér um ræðir er skilyrði að samanlögð markaðshlutdeild samningsaðila fari ekki yfir 20% af viðkomandi markaði. Nákvæmar reglur koma síðan fram um það hvernig beita eigi viðmiðurnarmörkunum fyrir markaðshlutdeild og hver staða fyrirtækja verði ef markaðshlutdeild þeirra eykst.

Rétt er að benda á prentvillu í 4. gr. íslenska texta reglugerðarinnar en þar segir „í 1.mgr.“ og er þá átt við „1. gr.“

ALVARLEGAR SAMKEPPNISTAKMARKANIR:

Innihaldi samningur ákvæði um alvarlegar samkeppnistakmarkanir, þ.e. ákvæði um verðsamráð við sölu, takmörkun framleiðslu eða sölu, skiptingu markaða eða viðskiptavina eða hefur slíkar takmarkanir að markmiði nýtur samningurinn ekki undanþágu. Rétt er að áréttta að innihaldi samningur einhver þessara ákvæða fellur hann í heild sinni utan gildissviðs undanþágunnar.

Ekki er litið svo á að ákvæði um framleiðslumagn vara sem samið hefur verið um í samningi um einhliða eða gagnkvæma sérhæfingu falli undir það að vera alvarlegar samkeppnistakmarkanir. Á sama hátt er litið svo á að samningsákvæði sem kveður á um sölumarkmið og ákvæði um verð sem sameiginlegt framleiðslufyrirtæki setur upp gagnvart beinum viðskiptavinum falli ekki undir alvarlegar samkeppnistakmarkanir.